

Skólaráð 19. mars 2026, fjarfundur á Teams

Mætt; Sigrún Valdimarsdóttir skólastjóri, Ingunn Jónsdóttir og Sif Garðarsdóttir fulltrúar kennara, Hrafnkatla Ýma Helgadóttir fulltrúi nemenda, Svala Guðmundsdóttir fulltrúi starfsmanna, Kári Ólafsson Vestfjörð og Þórleif Kristín Hauksdóttir fulltrúar foreldra. Björgvin Þór Þórhallsson aðstoðarskólastjóri var fundarritari.

1) Skólastarfið

- Starfið gengur sinn vanagang og að flestu leyti mjög vel. Starfsfólk kannski tekið að þreytast en það er stutt í páskafrí.
- Afmælishátíð Skólakórsins tókst með eindæmum vel og mikil gleði allra sem að henni komu.
- Árshátíðir nemenda framundan í lok næstu viku þar sem 6. bekkur sýnir Bláa hnöttinn fyrir 5. og 7. b og foreldrum. List- og verkgreinakennarar hafa veg og vanda af því að undirbúa sýninguna, gera leikmynd og búninga o.s.frv. og æfa leikritið auk þess sem nemendur hafa bakað fyrir veglegt foreldrakaffi, undir stjórn Guðfinnu heimilisfræðikennara.

2) Undirbúningur fyrir næsta skólaár

Starfsmannamál

- Staða matreiðslumanns er laus og auglýsing í loftinu. Nýr kokkur byrjar í vor eða hugsanlega í haust, ekki enn ákveðið.
- Einhverjar kennarastöður verða auglýstar en kennarar hafa til 30. apríl til að gera upp hug sinn, ekki vitað af mörgum lausum stöðum eins og staðan er í dag. Alltaf þarf þó að auglýsa stöður leiðbeinenda.
- Björg skólastjóri kemur til baka næsta haust og Sigrún V fer í námsleyfi. Óráðið með stjórnendateymi næsta skólaár.
- Ákveðið hefur verið að taka 7. bekk inn á elsta stig, en tilraun vetrarins hefur mælst vel fyrir meðal nemenda, foreldra, kennara og stjórnenda sem komið hafa að bekknum.
- Miðstig verður því með tvo árganga (5. og 6. b) og elsta stig með fjóra (7. – 10.b). Þetta eins og margt annað í skipulagi skólans er auðvitað alltaf í endurskoðun.
- Sigrún minntist líka á aðstöðu skólans fyrir íþróttakennslu en hún er ekki nógu góð, t.d. fer hún fram á mörgum stöðum sem er óhentugt. Samtal hefur átt sér stað við bæjaryfirvöld um að bæta þurfi úr þessu.

3) Góðgerðardagur

Undirbúningur fer á fullt eftir páskafrí.

7.b velur góðgerðarmál (ekki búinn að því nú en það mun gerast strax eftir páska) en allir nemendur taka þátt.

Foreldrar hafa alltaf komið inn í þetta af krafti og svo verður áreiðanlega áfram. Fram kom hjá fulltrúum foreldra að þeir muni grípa boltann.

Sameiginlegur dagur með Barnaskóla Kársness, verður haldinn hér í ár þann 21. maí.

4) Skólapúlsinn – kannanir

1) Farið yfir nýjustu niðurstöður nemendakönnunar og foreldrakönnun sem tekin var í febrúar.

Skólastjóri nefndi að innra mats nefnd hefði hug á að mynda rýnihóp foreldra til að fá fram skýrari mynd af því hvað foreldrar vilja, hvað þeir myndu vilja bæta o.s.frv., vegna þess að stundum væri erfitt að lesa það út úr niðurstöðum könnunarinnar. Vel var tekið í þessa hugmynd.

Þá kom fram hjá fulltrúa foreldra, að margir foreldrar vilji líka fá foreldraviðtöl við umsjónarkennara án barnsins. Skólastjóri sagði markmið foreldraviðtala alltaf vera að ræða við nemandann sjálfan um stöðu og líðan og foreldrum sé alltaf velkomið að setja sig í samband við kennara (í gegnum síma, tölvupóst) og óska eftir spjalli án nemandans.

2) Innra mats nefnd mun leggja fyrir starfsmannakönnun með spurningum sem unnar eru upp úr Skólapúlsinum.

5) Símafrí í skólum

Sáttmáli um símafrí hefur verið samþykktur. Við byrjum eftir páska að leggja línur í samstarfi við nemendaráð en fríð tekur að fullu gildi næsta haust. Menntasvið mun hjálpa skólanum með ýmislegt stuðningsefni.

Til stendur að nemendaráðið gangi í bekkina og kynni þetta fyrir nemendum.


Skólastjóri ræddi þetta aðeins en það eru ýmsar hliðar á málinu, t.d. borga flestir nemendur með símanum sínum í sjoppu skólans (þar sem þeir kaupa nesti).

6) Opin skólaráðsfundur

Þriðjudag 19. maí, opinn fundur á sal kl. 17 með foreldrafélaginu. Fyrst verður opinn skólaráðsfundur, svo tekur foreldrafélagið við.

7) Önnur mál

Frá 7. bekk – beiðni um Gaga-völl. Hér má sjá mynd af því fyrirbæri:



Meira um Gaga-völlinn: Ingunn, fulltrúi kennara, sem var nýlega með 7. bekk í skólabúðunum á Reykjum, sagði að þetta hefði slegið í gegn þar og allt gengið vel. Mælti með þessu. Skólastjóri nefndi ýmsa fjármögnunarmöguleika, s.s. Okkar skóla - verkefnið sem bærinn stendur fyrir (1.000 kr. á hvern nemanda). Gagavöllur kostar e.t.v um 400 þúsund ISK.

Að lokum benti Þóra, fulltrúi foreldra, á að í Hafnarfirði væri nú rætt um að nýta tæknina betur í námi og kennslu. Þar hefði nýlega verið fræðsla sem nefndist “Tæknilausnir fyrir nám nútímans”.

Meira ekki gert og fundi slitið.

Fundarritun: Björgvin Þór